



Alþingi  
Erindi nr. P 127, 2002  
komudagur 18.4.2002

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis  
b.t. Ágúst Geirs Ágústssonar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 17. apríl 2002

Sam 152/2002 ÞS/sp  
Tilv.: 215,0

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brottfall lagaákvæða um  
héraðslækna o.fl., 564. mál**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 12. apríl, var lagt fram bréf frá heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis, dags. 20. mars 2002, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., 564. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn á fundinum.

Virðingarfyllst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl.,  
564. mál.



## Umsögn

### Sambands íslenskra sveitarfélaga

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brottfall lagaákvæða um héraðslækna o.fl., 564. mál

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga leggst ekki gegn því að gerðar verði skipulagsbreytingar í heilbrigðisþjónustunni eins og frumvarpið gerið ráð fyrir með niðurlagningu embætta héraðslækna. Hins vegar leggst stjórnin gegn því að sá sparnaður sem af þeirri skipulagsbreytingu leiðir verði notaður til þess að draga úr fjárframlögum til heilsugæslunnar í einstökum landshlutum utan Reykjavíkur. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að þau verkefni sem héraðslæknar hafa nú með höndum færast til yfirlækna á heilsugæslustöðvum. Nauðsynlegt er að fjárframlög fylgi þeirri yfirlærslu.

Einnig er lagt til að nýjum málslið verði bætt við 4. gr. sem orðist svo: *Samráðsaðilar skulu hafa samráð við samningu frumdraga reglugerðarinnar og síðar eftir því sem ástæða er til.*

Mikilvægt er að *samráð* heilbrigðisráðuneytisins við sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga við gerð reglugerðar um skiptingu landsins í heilsugæsluumdæmi verði útfært nánar í lagagreininni svo inntak samráðsins verði skýrt. Til þess að raunverulegt samráð eigi sér stað þurfa heilbrigðisráðuneytið annars vegar og sveitarfélög og Samband íslenskra sveitarfélaga hins vegar, þ.e. samráðsaðilar, að vinna saman að viðkomandi málefni með formlegum hætti allt frá frumstigi þess til endanlegrar niðurstöðu. Ofangreind tillaga er til þess fallin að ná því markmiði að lögmælt samráð hafi ákveðna efnislega þýðingu.

Samþykkt á fundi stjórnar sambandsins 12. apríl 2002.

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri